Slasist iðnverkamaður vegna vinnu eða verði óvinnufar vegna sjúkdóms sem rekja má til starfs hans, skal hann halda óskertu kaupi allt að tveimur mánuðum. Iðnrekandi á þá rétt til bóta, sem slysatryggingin greiðir starfsmanni í þessu skyni þann tíma.

Slasist hafnarverkamaður eða fiskvinnslufólk í ofangreindum tilfellum greiðir vinnuveitandi laun fyrir dagvinnu í allt að 4 vikur ef hann hefur unnið hjá sama vinnuveitanda í allt að eitt ár. Ef hann hefur unnið meira en eitt ár heldur hann öllu kaupi í allt að 4 vikur.

Atvinnurekendur greiða verslunarmönnum í veikinda- og slysatilfellum laun í allt að 4 vikur í dagvinnu þeim launþegum sem eru á 1. ári. Eftir 1 ár fær launþegi 2. mán. á hverjum 12 mánuðum, eftir 5 ára starf hjá sama atvinnurekanda 4 mánuði á hverjum 12 mánuðum og eftir 10 ára starf 6 mánuði á hverjum 12 mánuðum.

<u>Iðja</u>	Áætlað 0.5% af gr. launum (0.005 · 1044.40) = 5.22 kr.
<u>Hafnar- verkamenn</u>	Áætlað 0.7% af gr. launum (0.007 · 1078.55) = 7.55 kr.
<u>Fisk- vinnslu- fólk</u>	Áætlað 0.5% af gr. launum (0.005 · 1033.41) = 5.17 kr.
<u>Prentarar</u>	Áætlað 0.5% af gr. launum (0.005 · 1188.71) = 5.94 kr.
<u>Afgr. fólk</u>	Áætlað 0.3% af gr. launum (0.003 · 1119.81) = 3.36 kr.
<u>Skrif- stofufólk</u>	Áætlað 0.3% af gr. launum (0.003 · 1170.07) = 3.51 kr.

#### 7. Veikindakaup

Iðja Rétt til kaups í veikindatilfellum ávinnur Iðjufólk sér á eftirfarandi hátt:  
 Enginn réttur fyrstu 3 mánuðina, næstu 9 mánuði er kaup greitt í tvær vikur, en þegar starfsreynslan er 1 ár eða lengri er kaup greitt í fjórar vikur. Ef ekki er um sömu



veiki að ræða, getur iðnverkamaður fengið fullt veikinda-  
kaup oftár en einu sinni á ári.

Áætlað 2.5% af gr. launum  $(0.025 \cdot 1044.40) = 26.11$  kr.

Prentarar Samið hefur verið um nýtt fyrirkomulag á veikindagreiðsl-  
um til prentara og bókbíndara, sem tók gildi frá áramótum  
1974 - 1975. Nú skal greiða prenturum 33 daga virka í  
veikindatilfellum, ef yfirvinna hefur verið unnin næstu  
10 vikur fyrir veikindi, skal vinnuveitandi greiða allt  
að 10 klst. í yfirvinnu á viku, þó ekki fyrstu tvo daga  
veikindanna. Áætlað 3% af greiddum launum.

$(0.03 \cdot 1188.71) = 35.66$  kr.

Hafnar- í veikindatilfellum skulu hafnarverkamenn og fiskvinnslu-  
verkamenn fólk, sem unnið hafa hjá sama atvinnurekanda í eitt ár  
og fisk- eða lengur eiga, auk ákvæða laga nr. 16 9. apríl 1958,  
vinnslu- rétt á allt að 14 daga kaupi eða alls 28 daga. Áætlað  
fólk 2.5% af greiddum launum.

Hafnar-  $(0.025 \cdot 1078.55) = 26.96$  kr.

verkamenn

Fisk-  $(0.0025 \cdot 1033.41) = 25.84$  kr.

vinnslu

fólk

Afgr.og Verslunarmenn fá greidda veikindadaga eftir starfsaldri  
verslunar hjá sama vinnuveitanda allt að 6 mánuðum eftir 10 ára  
fólk starf.

Afgreiðslufólk áætlað  $(0.03 \cdot 1119.81) = 33.59$  kr.

Skrifstofufólk áætlað  $(0.03 \cdot 1170.07) = 35.10$  kr.

## 8. Lífeyrissjóður

Atvinnurekendur greiða nú 6% af útborguðu dagvinnukaupi  
í lífeyrissjóð.

Iðja  $(0.06 \cdot 1044.40) = 62.66$  kr.

Hafnar-  $(0.06 \cdot 1078.55) = 64.71$  kr.

verkamenn

Fisk-  $(0.06 \cdot 1033.41) = 62.00$  kr.

vinnslu-

fólk

Prentarar  $(0.06 \cdot 1188.71) = 71.32$  kr.

Afgr.fólk  $(0.06 \cdot 1119.81) = 67.19$  kr.

Skrif-  $(0.06 \cdot 1170.07) = 70.20$  kr.

stofufólk

9. Orlofsheimilasjóður

Atvinnurekendur greiða 0.25% af öllu kaupi í orlofsheimilasjóð, auk þess greiða iðnrekendur 0.25% í eigin orlofsjóð.

Iðja (0.005 · 1094.97) = 5.47 kr.

Prentarar (0.0025 · 1355.78) = 3.39 kr.

Hafnar-  
verkamenn Atvinnurekendur greiða 0.25% af öllu kaupi í orlofsheimilasjóð.

(0.0025 · 1201.41) = 3.00 kr.

Fisk-  
vinnslu-  
fólk Atvinnurekendur greiða 0.25% af öllu kaupi í orlofsheimilasjóð.

(0.0025 · 1154.52) = 2.89 kr.

Afgr.og  
verslunar  
fólk Vinnuveitendur greiða til Orlofsheimilasjóðs verslunarmanna 0.25% af öllu kaupi. Jafnhátt gjald skal renna til Félagsheimilasjóðs verslunarmannasamtakanna. Afgreiðslufólk: Samkvæmt fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar var vinnutími afgreiðslufólks árið 1977 sem hér segir: Dvt. 40.0 klst., evt. 2.3 og nvt. 2.1 samtals 44.4 klst. á viku.

Taxtakaup 1. júlí er 922 kr. + orlof 86.14 kr. = 1008.14 kr.

$(1008.14 \cdot 40) + (1411.40 \cdot 2.31) + (1814.65 \cdot 2.1) = 1067.18$

40.0 + 2.3 + 2.1

1067.18 kr. + kaffit. í dagv. kr. 76.04 + helgid. í dagv. kr. 35.63 = 1178.85 kr.

(1178.85 · 0.005) = 5.89 kr.

Skrifstofufólk: Þar sem Kjararannsóknarnefnd aflar ekki gagna um vinnutíma skrifstofufólks er meðaltíma kaup þess áætlað hér kr. 1055.70.

1055.70 + kaffit. í dagv. kr. 35.86 + helgid. í dagv. 39.21 = 1130.77

(1130.77 · 0.005) = 5.65 kr.

10. Slysatrygging I

Frá því í kjarasamningunum í des. 1971 hefur atvinnurekendur verið gert skylt að tryggja starfsfólk fyrir dauða eða varanlegri örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið milli heimilis og vinnustaðar.

I samningunum í júní 1977 var samið um verulega hækkun á framanskráðum tryggingum auk þess sem nú verða greiddir

dagpeningar í slysatilvikum, dagpeningar voru áður aðeins greiddir hjá Iðju. Slysatryggingu I er samið um í fjráls- um samningum.

Iðja Flest Iðjufólk er í 4. flokki, sem er 133 kr. á viku.  
 $(133 : 35^{31}) = 3.74$  kr.

Hafnar-  
verkamenn eru flestir í 9. flokki, sem er kr. 253 á viku.  
 $(253 : 35^{31}) = 7.12$  kr.

Fisk-  
vinnslu-  
fólk er í 3. flokki 95 kr. og 5. flokki 142 kr., áætlað 104 kr.  
 $(104 : 35^{31}) = 2.93$  kr.

Prentarar eru í 3, 4 og 5. flokki, metið á kr. 123 kr. á viku.  
 $(123 : 35^{22}) = 3.48$  kr.

Afgr.fólk er flest í 3. flokki, sem er kr. 95 á viku.  
 $(95 : 35^{22}) = 2.69$  kr.

Skrif-  
stofufólk er í 1. flokki, sem er 57 kr.  $(57 : 35^{02}) = 1.63$  kr.

#### 11. Fæðingarstyrkur kvenna

Fæðingarstyrk fær það kvenfólk, sem unnið hefur 1 ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda. Styrkurinn er 2 vikur í dagvinnu. Um 2% Iðjufólks hefði átt að fá styrkinn.

Greiddar vinnustundir á ári eru 2087.06.

Iðja  $0.02 \cdot (1044.40 \cdot 80) : 2087.06 = 0.80$  kr.

Fisk-  
vinnslu-  
fólk Fæðingarstyrkur kvenna sem unnið hafa eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, skal vera þrjár vikur. Gert er ráð fyrir að 60% fiskvinnslufólks sé konur. Einnig er gert ráð fyrir að frjósemi kvenfólks í fiskverkun sé svipuð og á öllu landinu.

$0.026 (1033.41 \cdot 40 \cdot 3) \cdot 0.60 = 0.93$  kr.

2087.06

Prentarar Fæðingarstyrk fær það kvenfólk, sem unnið hefur 1 ár eða lengur. Styrkurinn skal vera 3 vikur. Vegna ónógra upplýsinga er þetta atriði ekki metið.

Versl.  
fólk Kona í verslunarmannafélagi, sem hefur unnið hjá sama vinnuveitanda í eitt ár, skal eiga rétt á óskertu kaupí í 12 virka daga er hún er fjarverandi vegna barnsburðar. Þar sem engar tölur eru til um þetta atriði er þetta áætlað þannig, að gert er ráð fyrir að kvenfólk hjá V. R.

hafi að meðaltali svipaða frjósemi og aðrar konur í landinu. Samkvæmt því ættu 2.6% kvenna hjá V. R. að eignast barn á ári hverju. Konur eru 58.8% af öllum starfsmönnum V. R. (Greiddar vinnustundir á ári eru hjá afgreiðslufólki 2087, en hjá skrifstofufólki 1983).

Afgreiðslufólk  $\frac{0.026 (1119.81 \cdot 12 \cdot 8)}{2087} \cdot 0.588 = 0.78$  kr.

Skrifstofufólk  $\frac{0.026 (1170.07 \cdot 12 \cdot 7.6)}{1983} \cdot 0.588 = 0.82$  kr.

## 12. Atvinnuleysistr. sjóður

Atvinnurekendur greiða ákveðið hlutfall af Dagsbrúnar-kaupi í Atvinnuleysistr. sjóð. Gjald þetta er fyrir 1978 kr. 188 samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Iðja (188 : 35<sup>31</sup>) = 5.29 kr.

Hafnar- (188 : 35<sup>31</sup>) = 5.29 kr.

verkamenn

Fisk- (188 : 35<sup>31</sup>) = 5.29 kr.

verkunar-

fólk

Prentarar (188 : 35<sup>22</sup>) = 5.32 kr.

Afgr.fólk (188 : 35<sup>22</sup>) = 5.32 kr.

Skrif- (188 : 35<sup>02</sup>) = 5.37 kr.

stofufólk

## 13. Lífeyristryggingar

Lífeyristryggingasjóður stendur undir greiðslu til elli-launa, örorkubóta, mæðralauna, ekkjubóta o. s. frv. Atvinnurekendur greiða 14% af útgjöldum sjóðsins ár hvert. Tryggingastofnun ríkisins áætlar greiðslur til sjóðsins, samkvæmt þessari áætlun er hlutur atvinnurekenda 1978 kr. 550 fyrir hverja vinnuviku.

Iðja (550 : 35<sup>31</sup>) = 15.49 kr.

Hafnar- (550 : 35<sup>31</sup>) = 15.49 kr.

verkamenn

Fisk- (550 : 35<sup>31</sup>) = 15.49 kr.

vinnslu-

fólk

<u>Prentarar</u>	(550 : 35 <sup>22</sup> ) = 15.55 kr.
<u>Skrif-</u>	(550 : 35 <sup>22</sup> ) = 15.55 kr.
<u>stofufólk</u>	
<u>Afgr.</u>	(550 : 35 <sup>02</sup> ) = 15.70 kr.
<u>fólk</u>	

14. Slysatrygging II

Slysatrygging II er samkvæmt reglugerð, sem gerð er samkvæmt 40 gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar.

T. R. áætla greiðslur í sjóðinn eftir áhættuflokkum, en atvinnurekendur standa einir undir greiðslum í sjóðinn. Trygging þessi tekur til sömu atriða og slysatrygging I. Slysatrygging II er lögboðin.

Iója Iðjufólk er í 3 og 4 áhættuflokki, sem er 164 kr. árið 1978.

$$(164 : 35^{31}) = 4.62 \text{ kr.}$$

Hafnar- eru í 3 og 4 áhættuflokki.

verkamenn (164 : 35<sup>31</sup>) = 4.62 kr.

Fisk- er í 3 og 4 áhættuflokki.

vinnslu- (164 : 35<sup>31</sup>) = 4.62 kr.

fólk

Prentarar eru í 2 áhættuflokki, sem er 84 kr. árið 1978.

$$(84 : 35^{22}) = 2.38 \text{ kr.}$$

Afgr.fólk er í 1 flokki, sem er 50 kr. (50 : 35<sup>22</sup>) = 1.41 kr.

Skrif- er í 1 flokki, sem er 50 kr. (50 : 35<sup>02</sup>) = 1.43 kr.

stofufólk

15. Launaskattur

Launaskattur er 3 1/2% á öll laun.

Iója (0.035 · 1094.97) = 38.32 kr.

Hafnar- (0.035 · 1201.41) = 42.05 kr.

verkamenn

Fisk- (0.035 · 1154.52) = 40.41 kr.

vinnslu-

fólk

Prentarar (0.035 · 1355.78) = 47.45 kr.

Afgr.fólk (0.035 · 1178.85) = 41.26 kr.

Skrif- (0.035 · 1130.77) = 39.58 kr.

stofufólk

16. Iónaðargjald

Iónaðargjald er 0.2% á allar kaupgreiðslur iðnfyrirtækja samkvæmt lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Ióða (0.002 · 1094.97) = 2.19 kr.

Prentarar (0.002 · 1355.78) = 2.71 kr.

17. Félagsgjald

Ióða Gjald til Félags ísl. iðnrekenda er 1% af dagvinnukaupi.  
(0.01 · 1044.40) = 10.44 kr.

Hafnar-  
verkamenn Gjald til Vinnuveitendasambands íslands er 0.8% af gr.  
launum hjá beinum meðlimum.  
(0.008 · 1201.41) = 9.61 kr.

Fisk-  
vinnslu-  
fólk (0.008 · 1154.52) = 9.24 kr.

Prentarar Gjald til Félags ísl. prentiðnaðarins er 0.6% af útborguðu kaupi, auk þess 56.000 kr. á hvert fyrirtæki. Hér er þetta áætlað samt. 0.7% af útborguðu kaupi.  
(0.007 · 1355.78) = 9.49 kr.

Afgr.og  
skrifst. Í samráði við hlutaðeigandi aðila er þessi liður áætlaður 0.6% af greiddum launum.

fólk

Afgr.fólk (0.006 · 1178.85) = 7.07 kr.

Skrif-  
stofufólk (0.006 · 1130.77) = 6.78 kr.

18. Iðnlánasjóðsgjald

Iðnlánasjóðsgjald og iðnaðarmálagjald er nú 0.6% á öll gjöld iðnfyrirtækja nema söluskatt, aðstöðugjald og eignaskatt samkvæmt lögum nr. 45 3. apríl 1963 um Iðnlánasjóð.

Ióða (0.006 · 1235.70) = 7.41 kr.

Prentarar (0.006 · 1395.14) = 8.37 kr.

19. Aðstöðugjald

Aðstöðugjald leggst á sama gjaldstofn og Iðnlánasjóðsgjald.

Ióða 1% á öll gjöld iðnfyrirtækja.

(0.01 · 1235.70) = 12.36 kr.

Hafnar- 1.3% á öll gjöld við hafnarvinnu og vöruafgreiðslu nema  
verkamenn 0.65% á vinnu um borð í skipi. Metið að meðaltali á 1.1%.  
(0.011 · 1285.66) = 14.14 kr.

Fisk- Aðstöðugjald er 0.5% á öll gjöld fyrirtækja í fiskvinnslu.  
vinnslu- (0.005 · 1220.88) = 6.10 kr.

fólk

Prentarar (0.01 · 1395.14) = 13.95 kr.

Afgr.fólk metið á 1% (0.01 · 1303.92) = 13.04 kr.

Skrif- metið á 1% (0.01 · 1355.52) = 13.56 kr.

stofufólk

Tafla 4.1

## Kauptaxtar og álögur.

	Iója kr.	Hafnar- verkam. kr.	Fiskv. fólk kr.	Prent- arar kr.	Afgr. fólk kr.	Skrifst. fólk kr.
<u>Kaupgreiðslur</u>						
1. Taxtakaup	856	884	847	966	922	1005
2. Gr. kaffitímar	70.30	72.60	69.56	79.66	76.04	35.86
3. Gr. helgidagar	37.76	38.99	37.36	47.80	35.63	39.21
4. Orlof	80.34	82.96	79.49	95.25	86.14	90.00
Kaup á virka vinnu- stund skv. samningi	1044.40	1078.55	1033.41	1188.71	1119.81	1170.07
<u>Aðrar greiðslur</u>						
5. Sjúkrasjóður	10.95	12.01	11.54	13.56		
6. Slysabætur	5.22	7.55	5.17	5.94	3.36	3.51
7. Veikindakaup	26.11	35.66	26.96	25.84	33.59	35.10
8. Lífeyrissjóður	62.66	64.71	62.00	71.32	67.19	70.20
9. Orlofsheimilásjóður	5.47	3.00	2.89	3.39	5.89	5.65
10. Slysatrygging I	3.74	7.12	2.93	3.48	2.69	1.63
11. Fæðingarstyrkur kvenna	0.80		0.93		0.78	0.82
12. Atvinnul. tr. sjóður	5.29	5.29	5.29	5.32	5.32	5.37
13. Lífeyristryggingar	15.49	15.49	15.49	15.55	15.55	15.70
14. Slysatrygging II	4.62	4.62	4.62	2.38	1.41	1.41
15. Launaskattur	38.32	42.05	40.41	47.45	41.26	39.58
16. Iðnaðargjald	2.19			2.71		
17. Félagsgjald	10.44	9.61	9.24	9.49	7.07	6.48
18. Iðnlánasjóðsgjald	7.41			8.37		
19. Aðstöðugjald	12.36	14.14	6.10	13.95	13.04	13.56
Samtals	1255.47	1299.80	1226.98	1417.46	1316.96	1369.08
Álögur á taxtakaup	46.7	47.0	44.9	46.7	42.8	36.2
Álögur á virka vinnust.	20.2	20.5	18.7	19.2	17.6	17.0





Skráð atvinnuleysi 1972 - 1978.

Í töflu 5.1 er sýndur fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga árin 1975 - 1978. Á þessu tímabili hefur atvinnuleysi verið lítið, með einstöku tímabundnum eða staðbundnum undantekningum. Ef borinn er saman fjöldi atvinnuleysisdaga á tímabilinu janúar til maí 1978 reynast atvinnuleysisdagar í ár vera 43.889, en 39.320 í fyrra. Hafa þeir í huga að þá var atvinnuleysi í algjöru lágmarki. Í lok maí 1978 voru 417 á atvinnuleysisskrá og hafði þeim fjölgað um 135 frá fyrra mánuði. Er þetta í samræmi við reynslu fyrri ára, en á þessum tíma kemur verulegur fjöldi sumarvinnufólks til starfa.

Tafla 5.1 Skráðir atvinnuleysisdagar á öllu landinu  
1975 - 1978.

	1975	1976	1977	1978
janúar	...	23.463	14.175	14.799
febrúar	11.837	...	9.880	9.973
mars	8.365	16.856	7.393	9.186
apríl	7.871	9.419	4.229	5.638
maí	12.788	6.951	3.643	4.293
júní	14.242	6.792	3.753	
júlí	7.973	5.333	2.756	
ágúst	4.841	4.851	2.532	
september	4.499	4.242	3.807	
október	4.571	4.492	3.515	
nóvember	7.899	7.904	7.207	
desember	15.938	16.071	11.203	
Alis	100.824	106.374	74.093	

Tafla 5.2

Fjöldi atvinnulausra á skrá  
í lok mánaðar 1972 - 1978.

	Reykjav. svæði 1)	Reykja- nes 1)	Vestur- land	Vest- firðir 2)	Norðurl. vestra 2)	Norðurl. eystra	Austur- land	Suður- land	Vestmanna- eyjar	Alls	Atvinnul.% af heildar- vinnuafli
<u>1972</u>											
Ársmeðaltal	63	1	14	3	165	117	51	19	11	444	0,5
<u>1973</u>											
Ársmeðaltal	65	12	18	1	137	70	36	22	-	361	0,4
<u>1974</u>											
Ársmeðaltal	92	11	36	12	95	41	47	34	-	368	0,4
<u>1975</u>											
Ársmeðaltal	256	25	54	18	78	127	59	25	2	644	0,7
<u>1976</u>											
Ársmeðaltal	201	7	25	29	48	98	60	39	-	507	0,5
<u>1977</u>											
Ársmeðaltal	134	7	24	4	51	53	38	53	1	365	0,4
<u>1978</u>											
janúar	179	43	17	1	118	94	61	62	4	579	0,6
febrúar	182	54	12	-	90	88	39	37	9	511	0,5
mars	153	20	12	-	88	122	34	38	1	468	0,5
apríl	146	5	6	-	42	39	19	24	1	282	0,3
maí	279	16	31	-	38	27	3	22	1	417	0,4

## Skýringar:

- 1) Til Reykjavíkursvæðisins teljast auk Reykjavíkur, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og Mesfellshreppur, en aðrir staðir í Reykjaneskjördæmi eru taldir til Reykjaness.
- 2) Drangsnæs og Hólmavík eru hér talin til Norðurlands vestra.

Heimild: Félagsmálaráðuneytið.

Tafla 5.3

Ársfjórðungsleg skráning atvinnulausra  
karla og kvenna í Reykjavík 1929-1978.

<u>Ár/mán.</u>	<u>1.febrúar</u>	<u>1.maí</u>	<u>1.ágúst</u>	<u>1.nóvember</u>
1929	165	5	22	48
1930	39	3	-	90
1931	525	59	106	623
1932	550	205	633	731
1933	623	268	226	569
1934	544	190	390	719
1935	599	432	252	510
1936	596	720	226	609
1937	789	282	199	617
1938	690	345	316	804
1939	473	451	256	792
1940	526	459	166	100
1941	-	-	-	-
1942	-	-	-	-
1943	56	2	1	3
1944	61	-	1	21
1945	23	-	2	-
1946	2	-	-	1
1947	3	10	-	71
1948	37	42	14	19
1949	135	86	-	22
1950	221	42	75	251
1951	418	64	22	270
1952	718	70	52	81
1953	98	4	1	8
1954	4	2	2	8
1955	5	1	1	1
1956	8	-	1	-
1957	1	4	-	-
1958	20	-	-	-
1959	-	-	-	-
1960	-	-	-	-
1961	8	-	-	-
1962	-	-	-	-
1963	-	-	-	-
1964	1	-	-	1
1965	-	-	-	-
1966	-	-	-	-
1967	-	-	1	1
1968	467	32	210	79
1969	1361	380	439	364
1970	602	178	124	83
1971	157	89	66	65
1972	95	47	19	34
1973	91	29	17	50
1974	144	91	33	43
1975	112	307	178	98
1976	318	162	105	64
1977	130	114	64	44
1978	125	115		

Bráðabirgðalög frá 24. maí 1978 og áhrif  
þeirra á verðbætur frá 1. júní 1978.

Þann 24. maí sl. voru sett bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 3 17. febr. 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum, en tvær fyrstu greinar þeirra laga kváðu á um verðbætur á laun. (Sjá fréttabréf Kjararannsóknarnefndar nr. 39). Meginmál bráðabirgðalaganna, reglugerð um verðbótaviðauka og leiðbeiningar Kauplagnsnefndar um útreikning launa frá 1. júní 1978 fer hér á eftir.

Bráðabirgðalög

1. gr.

2. gr. laga nr 3 17. febr. um ráðstafanir í efnahagsmálum orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði í 1. gr. skal frá 1. júní 1978 greiða fullar verðbætur samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun þeirra launþega, sem hafa 115.000 krónur eða lægri laun á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við verðbótavísitölu þá, er gildi 1. des. 1977 til 28. febr. 1978. Á dagvinnulaun, sem hærrí eru, skal greiða sömu verðbætur að krónutölu og greiða skal samkvæmt kjarasamningum á laun, sem voru 115.000 krónur á mánuði samkvæmt framan-sögðu, enda nemi verðbætur samkvæmt 1. gr. eigi hærrí fjárhæð. Verðbætur samkvæmt þessari gr. umfram verðbætur samkvæmt 1. gr. nefnast verðbótaviðauki og greiðast eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu og teljast hvorki til kauptaxta né reiknitalna ákvæðisverka.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar þar á meðal hvaða greiðslur skuli telja til dagvinnulauna, hvernig fara skuli með kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, og með hvers konar álög og kaupauka hverju nafni sem nefnast, einnig um vaktavinnulaun og laun fyrir tímamelda ákvæðisvinnu verkafólks og iðnverkafólks og aðra ákvæðisvinnu og um uppgjörstíma fyrir verðbótaviðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1978.

## Reglugerð um verðbótaviðauka.

## 1. gr.

Hinn 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagnesnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagnesnefnd tilkynnir opinberlega, hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

## 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal frá 1. júní 1978 greiða fullar verðbætur samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun launþega, sem hafa 115.000 krónur eða lægri laun á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við verðbótavísitölu þá, er gilti 1. des. 1977 til 28. febr. 1978. Á dagvinnulaun, sem hærri eru, skal greiða sömu verðbætur að krónutölu og greiða skal samkvæmt kjarasamningum á laun, sem voru 115.000 krónur á mánuði samkvæmt framansögðu, enda nemi verðbætur samkvæmt 1. gr. eigi hærri fjárhæð. Verðbætur samkvæmt þessari gr. umfram verðbætur samkvæmt 1. gr. nefnast verðbótaviðauki og greiðast eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu.

Fyrir launþega, sem ekki eru í fullu starfi eða taka laun, sem ákveðin eru sem hlutfall lægra en 1 - einn - af öðrum kauptaxta, lækka viðmiðunar fjárhæðir samkvæmt þessari grein hlutfallslega. Hugtakið fullt starf skal í hverju einstöku tilviki skilgreina samkvæmt ákvæðum gildandi kaup- og kjarasamnings stéttarfélagss viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

Varðandi þá, sem vinna einstaka daga eða hluta úr mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda, skal beita reglum 1. mgr. þessarar greinar með þeim hætti að fundið skal hver verið hefðu dagvinnulaun þeirra, ef þeir hefðu unnið með sama hætti heilan mánuð. Eigi þeir rétt til verðbótaviðauka samkvæmt því, greiðist hann í hlutfalli við þann dagvinnustundafjölda sem viðkomandi hefur unnið.

## 3. gr.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir dagvinnu,

sem ákveðin er með álagi á annan lægri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með endanlegum taxta skal telja hverskonar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með dagvinnutaxta skal í þessu skyni ekki telja vaktaálag nema að því leyti, sem það kann að vera herra en svarar til eftirvinnu-, naturvinnu- og helgidagaálags.

- a) Sem dæmi um álög, sem telja skal til dagvinnulauna í þessu sambandi, eru aldurshækkningar, starfsþjálfunarahækkningar, löggildingarálág, námskeiðsálág, verkstjórnarálág, flokkstjórnarálág, óþrifaálág, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálág, þungaálág, tengivagnaálág, hæðarálag, erfiðisálág, mótortillegg, kælitollegg, talstöðvartillegg, olíutillegg, fjarverutillegg. Upp-  
talning þessi er aðeins leiðbeinandi.
- b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka), sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og teljast þá ekki til dagvinnulauna, þegar skoðað er, hvort greiða skuli verðbótaviðauka, eru t. d. : Verkferápeningar, bifreiðagjald, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir hó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulegum útlögðum kostnaði launþega.

#### 4. gr.

Verðbótaviðauki samkvæmt 2. gr. greiðist einungis á laun fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu og kemur því aðeins til greina á laun fyrir ákvæðisvinnu, að fyrir liggji vinnutímaskýrslur samþykktar af verkkaupa eða umboðsmanni hans. Dagvinnulaun launþega í tímamældri ákvæðisvinnu með bónus eða kaupauka fyrir afköst umfram staðalafköst ("bónuskerfi") samkvæmt samningum félaga innan Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks og annarra félaga verkamanna og verkakvenna skal einungis miðað við dagvinnukaupaxta, sem unnið er eftir. Dagvinnulaun í allri annari ákvæðisvinnu skulu metin þannig á hverju uppgjörstímabili, að deilt er í heildarlaun með vinnustundafjölda að viðbættum 1/4 - fjórðungi - og síðan margfaldað með dagvinnustundafjölda eða hliðstæðu hans samkvæmt vinnutímaskýrslu.

Verðbótaviðauka skal aldrei taka inn í reiknitölur ákvæðis-  
verka eða kaupaxta ákvæðisvinnufólks, en skal koma til uppgjörs  
eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna á uppgjörstímabilinu.

## 5. gr.

Ekki skal verðbótaviðauki talinn til mánaðarlauna, vikukaups  
eða dagvinnukaups, þegar reiknaðir eru taxtar, álög, afleiddir  
taxtar eða kaupaukar, sem leiddir eru af launum þessum, og er rétt-  
ur til verðbótaviðauka persónubundinn hverju sinni.

Varðandi orlofsuppgjör, lífeyrissjóðsgreiðslur og þess háttar  
greiðslur skal farið með verðbótaviðauka á sama hátt og yfirvinnu.

## 6. gr.

Gjaldþagi verðbótaviðauka fyrir tiltekið tímabil er gjaldþagi  
fullnaðarlaunauppgjörs fyrir sama tímabil til viðkomandi launþega  
samkvæmt lögum, samningum eða venju á viðkomandi vinnustað. Þegar  
fullnaðaruppgjör launa fyrir umsamið greiðslutímabil fer fram, skal  
metið hvort launþegi hefur fengið lágmarksverðbætur eftir 1. júní  
1978 fyrir það greiðslutímabil í samræmi við ákvæði 2. gr., og skal  
þá greiða launþega verðbótaviðauka, ef á vantar.

## 7. gr.

Kauplagsnefnd gefur út leiðbeiningar um ákvörðun verðbóta-  
viðauka á hverju þriggja mánaða greiðslutímabili, eftir því sem  
þörf krefur.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem óðlast gildi 1. júní 1978 og tekur þá  
við af reglugerð um verðbótaviðauka nr. 104 7. mars 1978, er sett  
samkvæmt ákvæðum í 2. gr. laga nr. 3 17. febr. 1978 um ráðstafanir  
í efnahagsmálum, sbr. 1. gr. laga nr. 63 24. maí 1978 um breytingu  
á þeim lögum.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þingri  
viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra  
mála.



Leiðbeiningar Kauplagnesnefndar um  
útreikning launa frá 1. júní 1978.

A. Almenn hækkun launa frá 1. júní 1978.

Í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 3/1978 hækka laun, frá 1. júní 1978, almennt sem svarar hálfri hækkun verðbótavísitölu frá 1. mars til 1. júní 1978. Þessi helmingshækkun er 6,40%, sbr. tilkynningu Kauplagnesnefndar 19. maí 1978. Auk þessarar launahækkunar fá launþegar innan ASÍ, BSRB og BHM, og sennilega flestir aðrir launþegar, áfangahækkun launa frá 1. júní 1978 samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Til launþega innan ASÍ er þessi áfangahækkun 5.000 kr. á mánuði, miðað við fulla dagvinnu. Á þá fjárhæð koma verðbætur svarandi til hálftrar hækkunar verðbóta frá 1. desember 1977 til 1. júní 1978, sem er 12,06%, eða 603 kr. á 5.000 kr. Hækkun mánaðarlauna af þessum sökum er þannig 5.603 kr. - Til launþega innan BSRB og BHM nemur áfangahækkun þessi 3% á laun. Til BSRB-launþega skal hún þó aldrei vera lægri en 5.000 kr., miðað við fulla dagvinnu, auk fyrr nefndrar 603 kr. verðbótahækkunar.

Hin almenna launahækkun 1. júní 1978 reiknast þá þannig, að maílaun 1978, eins og þau urðu vegna ákvæða 1. gr. laga nr. 3/1978, þ. e. með hálfri vísitöluhækkun og án verðbótaviðauka, skulu hækkuð um 6,40%. Síðan eru mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu hækkuð um 5.603 kr. hjá öllum ASÍ-launþegum og hjá BSRB-launþegum í lægri launaflokkum (í maí 175.533 kr. eða lægri). Á öllum BSRB-laun, sem í maí 1978 voru hærri en 175.533 kr. á mánuði, og á öllum BHM-laun, kemur 3% áfangahækkun ofan á 6,40%, og verður launahækkunin þar alls 9,59%.

Hér fara á eftir dæmi um útreikning mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu frá 1. júní 1978, og er þar talin verðbótahækkun og áfangahækkun, en ekki verðbótaviðauki, sem um er fjallað í B-hluta þessara leiðbeininga.

	ASÍ	BSRB	BSRB	ASÍ	BSRB/BHM
	1)	2)	3)	4)	5)
Mánaðarlaun í maí 1978 fyrir fulla dagvinnu, án verðbótaviðauka.....	112.000	140.000	175.533	260.000	260.000
6,40% verðbótahækkun á öll laun frá 1. júní 1978.....	7.168	8.960	11.234	16.640	16.640
Við bætist: Áfangahækkun 1. júní:	119.168	148.960	186.767	276.640	276.640
Grunnfjárhæð.....	5.000	5.000	5.000	5.000	
Verðbætur á hana (þ.e. 5,32% + 6,40%, alls 12,06%).....	603	603	603	603	
BSRB-launþegar með hærri laun en koma fram í dálki 3), og BHM-launþegar: 3%					8.299
Júnílaun alls að undanskildum verðbótaviðauka.....	124.771	154.563	192.370	282.243	284.939

Í dálki 3) í þessu yfirliti eru tilfærð þau laun, þar sem hjá BSRB-launþegum verða skipti frá 5.000 kr. áfangahækkun til 3% áfangahækkunar. Að því er varðar BSRB- og BHM-launþega með hærri laun í maí 1978 en 175.533 kr. (að undanskildum verðbótaviðauka) má, eins og fyrr greinir, reikna launahækkunina frá 1. júní 1978 í einu lagi með því að leggja 9,59% við málaun 1978, að undanskildum verðbótaviðauka, ef nokkur var.

Yfirvinnutaxtar (eftirvinna, næturvinna, helgidagsvinna) frá 1. júní 1978 reiknast út frá dagvinnutöxtum án verðbótaviðauka, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt reglunum hér að framan, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 3/1978.

B. Ákvörðun verðbótaviðauka frá 1. júní 1978 samkvæmt ákvæðum 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 63 24. maí 1978.

Samkvæmt 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 63/1978 skal á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 1978 greiða fullar verðbætur samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun þeirra launþega, sem höfðu 115.000 kr. eða lægri mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu miðað við verðbótavísitölu þá, er gildi frá 1. desember 1977. Á hærri dagvinnulaun greiddast sömu verðbætur að krónutölu og greiða ber á fyrrgreind laun 115.000 kr. á mánuði, enda nemi verðbætur samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1978 ekki hærri fjárhæð. Þessar viðbótarverðbætur nefnast verðbótaviðauki, og greiddist hann eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu.

Ýmsa tilhögun má hafa á útreikningi þessa verðbótaviðauka. Hér á eftir er gerð grein fyrir einfaldri aðferð til útreiknings á honum. Fjárhæðir, sem tilfærðar eru í eftirfarandi liðum a), b) og c), eru

laun í júní 1978 eins og þau eru reiknuð samkvæmt reglunum í A-kafla þessara leiðbeininga.

- a) Á full dagvinnulaun í júní 1978, sem eru lægri en 134.589 kr. á mánuði til ASÍ-launþega og lægri en 134.507 kr. til BSRB-launþega, greiðist frá 1. júní 1978 verðbótaviðauki, sem nemur 11,36% af dagvinnulaunum í júní. Fjárhæð verðbótaviðauka, sem þannig er reiknuð, kemur sem viðbót við júnílaun eins og þau eru reiknuð samkvæmt reglunum í A-kafla þessara leiðbeininga. Hér er um að ræða greiðslu fullra verðbóta á dagvinnulaun í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- b) Á full dagvinnulaun í júní 1978 á bilinu frá 134.589 kr. upp að 260.840 kr. til ASÍ-launþega, og á bilinu frá 134.507 kr. upp að 276.515 kr. til BSRB- eða BHM-launþega greiðist verðbótaviðauki, sem miðast við það, að krónutala verðbóta verði hin sama og fullar verðbætur eru á lægri launamörkin, hvor um sig. - Full verðbótahækkun til júní 1978 á 115.000 kr. dagvinnulaun í desember 1978 er 29.923 kr. miðað við ASÍ-laun og 29.753 kr. miðað við BSRB-laun. Öll hærri laun fá minnst þessa verðbótahækkun frá 1. júní 1978. Verðbótaviðaukinn er því sú fjárhæð, sem vantar á, að þegar innreiknuð hálf verðbótahækkun viðkomandi launa nái nefndum verðbótafjárhæðum. - Fjárhæð verðbótaviðauka finnst hér á eftirfarandi hátt:
- ASÍ-laun: Fjárhæð, sem svarar til 12,11% af júnílaunum eins og þau eru reiknuð samkvæmt reglunum í A-kafla þessara leiðbeininga, skal dregin frá 31.588 kr. Sá mismunur, er þar fæst, kemur hverju sinni sem viðbót við júní-laun, eins og þau eru reiknuð samkvæmt reglunum í A-kafla þessara leiðbeininga.
- BSRB-laun og BHM-laun: Fjárhæð, sem svarar til 10,76% af júnílaunum eins og þau eru reiknuð samkvæmt reglunum í A-kafla þessara leiðbeininga, skal dregin frá 29.753 kr. Sá mismunur, er þar fæst, kemur hverju sinni sem viðbót við júnílaun, eins og þau eru reiknuð samkvæmt reglunum í A-kafla þessara leiðbeininga.
- c) Á full dagvinnulaun í júní 1978, sem eru 260.840 kr. eða hærri til ASÍ-launþega og 276.515 eða hærri til BSRB- og

BHM-launþega, er ekki greiddur verðbótaviðauki, þar eð hálfar verðbætur samkvæmt l. gr. laga nr. 3/1978 nema, þegar þessu launastigi er náð, hærri fjárhæð en nemur fullum verðbótum á 115.000 kr. mánaðarlaun með desemberverðbótum 1977. Þetta þýðir, að fyrir laun ofan við þessi mörk er ákvörðun launa samkvæmt reglunum í A-hluta þessara leiðbeininga fullnaðarútreikningur.

Hér á eftir eru þau launaútreikningsdæmi, er um ræðir í dálkum 1), 2), og 3) í yfirlitunni í kafla A hér að framan, fullreiknuð, með því að bætt er við verðbótaviðauka. Athygli er vakin á því, að engin verðbótaviðauki greiðist á hæstu laun í yfirliti þessu, þ. e. þau, sem eru í dálkum 4) og 5).

	<u>ASÍ/BSRB</u>	<u>ASÍ</u>	<u>BSRB</u>	<u>ASÍ</u>	<u>BSRB</u>
	1)	2)	2)	3)	3)
Júnílaun án verðbótaviðauka samkv.A-kafla hér að framan..	124.771	154.563	154.563	192.370	192.370
Verðbótaviðauki.....	(+11,36%)	(31.588	(29.753	(31.588	(29.753
		+12,11%	+10,76%	+12,11%	+10,76%
		af	af	af	af
		154.563)	154.563)	192.370)	192.370)
	<u>=14.174</u>	<u>=12.870</u>	<u>=13.122</u>	<u>=8.292</u>	<u>=9.054</u>
Dagvinnulaun alls í júní 1978.....	138.945	167.433	167.685	200.662	201.424

Til frekari glöggvunar fara hér á eftir nokkur fleiri dæmi um fjárhæð verðbótaviðauka á dagvinnulaun frá 130.000 til 280.000 kr. á mánuði.

<u>Dagvinnulaun í júní skv. reglum í A-kafla, kr.</u>	<u>ASÍ</u>	<u>BSRB</u>
130.000.....	14.768	14.768
140.000.....	14.634	14.689
150.000.....	13.423	13.613
160.000.....	12.212	12.537
170.000.....	11.001	11.461
180.000.....	9.790	10.385
190.000.....	8.579	9.309
200.000.....	7.368	8.233
210.000.....	6.157	7.157
220.000.....	4.946	6.081
230.000.....	3.735	5.005
240.000.....	2.524	3.929
250.000.....	1.313	2.853
260.000.....	102	1.777
270.000.....	0	701
280.000.....		0

Á það skal bent, að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 175/1978 um verðbótaviðauka er gjalddagi verðbótaviðauka fyrir tiltekið tímabil gjalddagi fullnaðarlaunauppgjörs fyrir sama tímabil til viðkomandi launþega samkvæmt samningum eða venju á viðkomandi vinnustað.

Eins og áður segir greiðist verðbótaviðauki einungis á laun fyrir dagvinnu og hliðstæða vinnu, og kemur því ekki á yfirvinnu.

Samkvæmt 4. gr. nefndrar reglugerðar kemur greiðsla verðbótaviðauka á laun fyrir ákvæðisvinnu því aðeins til greina, að fyrir liggja vinnutímaskýrslur samþykktar af verkkaupa eða umboðsmanni hans. Hér vísast til nánari ákvæða um greiðslu verðbótaviðauka á ákvæðisvinnu í 4. gr. reglugerðar nr. 175/1978. Einnig vísast til þess, sem segir í reglugerðinni um, hvað felst í hugtakinu kauptaxti fyrir dagvinnu.

Verðbótaviðauki á tímalaun og vikulaun reiknast eftir fjárhæð verðbótaviðauka á mánuði. Við þennan útreikning teljast vera 173,33 dagvinnustundir í mánaðarlaunum og 40 dagvinnustundir í vikulaunum fyrir ASÍ-launþega.

Þróun helstu þjóðhagsstærða.

Vísitölur. 1971 = 100

	<u>1971</u>	<u>1972</u>	<u>1973</u>	<u>1974</u>	<u>1975</u>	<u>1976</u>	<u>1977</u>	<u>Spá 1978</u>
Þjóðarframleiðsla	100.0	106.0	112.0	115.8	113.4	116.1	121.7	125.4
Þjóðartekjur	100.0	105.7	115.8	116.8	109.8	116.2	125.4	129.2
Þjóðartekjur á mann	100.0	104.1	112.4	111.8	103.8	108.9	116.3	118.6
Einkaneysla	100.0	110.2	117.4	125.6	113.0	114.1	123.2	126.9
Samneysla	100.0	106.0	112.3	118.0	120.4	126.4	128.9	131.5
Fjármunamyndun	100.0	99.0	119.0	131.8	120.7	117.6	126.4	123.9
Útflutningur	100.0	110.3	120.1	119.2	120.8	135.2	149.1	164.8
Innflutningur	100.0	101.4	120.6	136.5	122.4	120.9	143.5	145.7
Viðskiptajöfn. í hlut- falli við þjóðarfrl.%	-7.1	-2.6	-2.8	-11.3	-11.5	-1.7	-2.6	0.8
Föst erl.lán í hlut- falli við þjóðarfrl.%	26.6	25.5	22.2	30.2	39.1	37.2	35.2	
Framfærslukostnaður	100.0	110.4	134.9	192.9	287.3	379.8	495.4	
Verðlag vöru og þjón.	100.0	114.4	142.7	202.9	304.7	407.0	531.0	

Heimildir: Þjóðhagsstofnun,  
Hagstofan.